Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				Frávík %
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávík (m.kr.)	Frávík %	
Skrifstofur SFS	44	23	21	1.081	1.056	26	230	212	18	1.268	1.245	23	1,8%	Halli
Miðlægir liðir og styrkir	8		8	68	36	32	171	194	-23	232	230	1	0,5%	Halli
Skóla og frístundaráð				33	27	6	5	9	-5	38	37	1,0	2,7%	Halli
Samtals	51	23	28	1.182	1.119	63	406	416	-10	1.537	1.512	25	1,7%	Halli

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar


SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	57	66	-9	-13,4%
Laun og launat. gj.	399	388	11	2,8%
Annar rekstark.	1.636	1.688	-51	-3,0%
Nettó útgjöld	1.979	2.011	-32	-1,6%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 1.979 m.kr. eða um 32 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,6% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar: Útgjöld voru um 1.388 m.kr. eða 52 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld fyrir kennslustundir sem **Reykjavíkurborg kaupir voru 1.111 m.kr.** hjá tónlistarskólum vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik. Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum **Jöfnunarsjóð voru útgjöld 277 m.kr.**

Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 359 m.kr. sem var 15 m.kr. umfram fjárheimildir.

Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 231 m.kr. sem var 5 m.kr. umfram fjárheimildir. Námsflokkar Reykjavíkur voru 5 m.kr. umfram fjárheimildir, framlög til framhaldsskóla voru 0,3 m.kr. umfram fjárheimildir og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru skv. áætlun.



Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávik %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Skólahljóms- og Tónl. Kj.	21	21		351	336	16	28	29		359	344	15	4,3%	Halli
Tónlistarskólar							1.388	1.440	-52	1.388	1.440	-52	-3,6%	Afgangur
Námsfl., Myndl. og framhaldss.	36	45	-9	48	53	-5	219	218	1	231	226	5	2,4%	Halli
Endurúthlutun ofl							1	1		1	1		-0,2%	Afgangur
Samtals	57	66	-9	399	388	11	1.636	1.688	-51	1.979	2.011	-32	-1,6%	Afgangur

Langtímaforföll

Afleysingar vegna langtímaforfalla námu alls um 1.022 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístund. Fjárheimildir eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað úr honum til að mæta kostnaði við afleysingar starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærður kostnaður var í grunnskólum, leikskólum og frístund samtals 379 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

Afleysingar langtímaforfalla(m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	536	297	239
Leikskóli	452	316	136
Frístundastarf	34	30	4
Samtals	1.022	642	379

Stuðningur og sérkennsla

Útgjöld vegna sértæks stuðnings námu alls 5.406 m.kr. sem var 379 m.kr. umfram fjárheimildir.

Borgarstofnanir fá úthlutað til sértæks stuðnings að hluta til beint samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta til mánaðarlega í samræmi við þjónustuþyngd sem áætlað er fyrir í miðlægum pottum. Fjárheimild sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnd *almennur stuðningur* en fjárheimild sem kemur úr miðlægum pottum er nefnd *sértækur stuðningur*. Einkareknar stofnanir fá greitt skv. þjónustuþyngd.

Úthlutun úr miðlægum pottum miðast við það fjármagn sem til staðar er í pottinum og reynist þjónustuþyngd meiri en fjárheimildir, getur það myndað halla á starfsstöðum.

Sértækur stuðningur (m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	3.237	2.915	322
Leikskóli	1.545	1.488	57
Frístundamiðstöðvar	624	624	0
Samtals	5.406	5.027	379


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 3.457 m.kr. yfir fjárheimildum eða 5,7%.
- Tekjur sviðsins voru umfram áætlun um 650 m.kr. þar af voru 341 m.kr. vegna tekna frá öðrum sveitarfélögum vegna leik- og grunnskólakostnaðar en á móti kom að annar rekstrarkostnaður vegna uppgjörs milli sveitarfélaga var umfram fjárheimildir um 275 m.kr.
- Laun og launatengd gjöld voru 2.295 m.kr. umfram fjárheimildir og vegur þungt ýmis Covid tengdur kostnaður auk langtímaveikinda og sérstæks stuðnings. Grunnskólahlutinn var þar umfangsmestur með 1.193 m.kr. þar má rekja frávik til sérstæks stuðnings sem var 322 m.kr. umfram fjárheimildir og langtímaveikinda sem voru 239 m.kr. umfram fjárheimildir auk þess sem aukinn launakostnaður féll til vegna þrifa og smitvarna. Leikskólahlutinn var einnig með mikil frávik eða 931 m.kr. umfram fjárheimildir sem að hluta má rekja til aukinnar mönnunar vegna hólfaskiptingar vegna Covid-19 og langtímaveikinda 136 m.kr.
- Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla ásamt viðhaldi og endurnýjun áhalda og eigna voru einnig liðir þar sem frávik voru mikil.
- Ef rekstur sviðsins er borinn saman við síðasta árs hafa útgjöld aukist um 9% milli ára en þá verður að hafa í huga að verkföll höfðu áhrif á skólastarf á fyrri hluta ársins 2020.
- Á árinu voru 38 borgarreknir grunnskólar með samtals 1.937 m.kr. í halla og aðeins 1 með afgang.
- Leikskólahluti var 1.391 m.kr. yfir fjárheimildum eða 7,6%. allir borgarreknir leikskólar með halla samtals 1.299 m.kr.
- Rekstur sérskóla var 140 m.kr. eða 6,1% yfir fjárheimildum.
- Frá árinu 2019 hefur sviðið með þátttöku FAS og utanaðkomandi ráðgjafa, unnið að mótun reiknilíkans fyrir úthlutun fjárheimilda til grunnskóla. Reiknilíkanið hefur verið kynnt og samþykkt í borgarráði ásamt reglum um rekstur líkansins og reglum um fjárhagsáætlun, uppgjör og eftirlit með rekstri á sviðinu sem verða innleiddar samhliða nýju líkani.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Í borgarreknum leik- og grunnskólum er raunkostnaður í öllum tilvikum umfram fjárheimildir ef undanskilinn er einn grunnskóli, Ölduselsskóli. Allir skólarnir eru með meira en 1,1% frávik og fara upp í tæplega 31,4% frávik. Stjórnendur SFS fóru yfir stöðuna og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á fundi borgarráðs við framlagningu á árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar-september 2021. Mikilvægt er að stjórnendur sviðsins haldi markvisst utan um aðgerðirnar sem þegar hafa verið skipulagðar þannig að rekstur stofnana á árinu 2022 verði innan fjárheimilda. Vísað er í skyldur sviðstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
- Nýtt grunnskólalíkan var samþykkt í borgarráði þann 30. september 2021. Samþykkt var að reynslutímabil líkansins yrði til tveggja ára eða rekstartímabilið 1. jan. 2022 til 31. des. 2023 og voru fjárheimildir auknar um 1.546 m.kr. sem felur í sér fulla fjármögnun á áætluðum rekstri grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 skv. líkaninu og forsendum þess. Samþykktin felur í sér áherslu á að grunnskólar Reykjavíkur sem fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum reiknilíkansins hagi rekstri innan fjárheimilda og í jafnvægi á tímabilinu. Takist það verði litið framhjá útgjöldum ársins 2021 sem eru umfram fjárheimildir og ekki hægt að rekja til óhagstæðra ytri skilyrða sbr. Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Að öðrum kosti taki stofnanir með sér halla sem er utan óhagstæðra ytri skilyrða árið 2021 yfir á árið 2024. Samhliða nýju líkani voru samþykktar reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá SFS, rekstraruppgjör, eftirlit og ferla. Mikilvægt er að eftirlit, upplýsingagjöf og viðbrögð við frávikum í rekstri verði fylgt fast eftir í samræmi við ofangreindar samþykktir. Sviðsstjórar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs hafa sett af stað sambærilega vinnu við endurskoðun á úthlutunarlíkani leikskóla.
- Nauðsynlegt er að mönnun á bæði grunn- og leikskólum sé rýnd áfram í samanburði við áætluð stöðugildi samkvæmt úthlutunarlíkönun og fjárheimildir sem stofnanir hafa og byggðar eru á barnafjölda, úthlutun kennslustunda og stöðugilda miðað við það og markvisst unnið að fækkun þar sem umfram mönnun reynist vera eða tilflutningi milli stofnana. Með samþykki nýs grunnskólalíkans voru samþykktar reglur um eftirlit með rekstri grunnskóla. Mikilvægt er að þeim reglum verði framfylgt.
- Kostnaður vegna langtímaveikinda hefur um langt skeið verið talsvert umfram fjárheimildir. Í nýju grunnskólalíkani er úthlutað til skóla vegna veikinda með öðrum hætti en áður. Áfram verður unnið með veikindapott að hluta til til þess að takast á við mismunandi veikindahlutfall á milli stofnana. Til þess að kostnaður vegna veikinda haldist innan fjárheimilda er nauðsynlegt að samræma skráningu á veikindum milli stofnana og tryggja skýrt verklag um skráningar, viðbrögð og aðgerðir.


1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USKRK (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	4.257	4.168	89	2,1%
Laun og launat. gj.	3.262	3.200	62	1,9%
Annar rekstrark.	11.613	11.321	292	2,6%
Nettó útgjöld	10.618	10.352	266	2,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í aðalsjóði fyrir árið 2021 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 10.618 m.kr. eða 266 m.kr. umfram fjárheimildum ársins eða um 2,6%.



Í neðangreindri töflu er framsetningu fylgt í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalega áætlun, endurskoðaða áætlun og gerður samanburður á niðurstöðum ársins 2020.

Umvhverfis- og skipulagssvið	Eining	Raun 2021	Upprunaleg áætlun 2021	Esk áætlun 2021	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2020	Mism. milli ára	%
Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar	UK1	890	900	928	-38	-4,1%	877	14	1,6%
Skipulagsfulltrúi	UK2	236	285	288	-51	-17,9%	240	-3	-1,5%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	UK3	-227	-144	-139	-88	63,8%	-93	-134	143,7%
Byggingarfulltrúi	UK4	177	178	181	-4	-2,2%	206	-29	-14,1%
Umvhverfisgæði	UK5	968	700	877	91	10,4%	980	-11	-1,1%
Heilbrigðiseftirlit	UK6	173	154	156	17	10,7%	155	18	11,5%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	UK7	1.145	1.136	1.136	9	0,8%	1.142	3	0,2%
Rekstur og umhirða borgarlands	UK9	7.255	6.206	6.925	330	4,8%	6.136	1.119	18,2%
Umvhverfis- og skipulagssvið	USKRK	10.618	9.415	10.352	266	2,6%	9.642	976	10,1%

Þjónustubættir USK

Málaflókkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2021	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2021	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2021	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2021	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlægar einingar	270	265	5	570	568	2	591	625	-34	890	928	-38	-4,1%
Skipulagsfulltrúi	125	68	56	200	219	-19	161	137	24	236	288	-51	-17,9%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	1.187	1.205	-18	447	470	-23	514	597	-83	-227	-139	-88	63,8%
Byggingarfulltrúi	134	140	-6	286	266	20	24	54	-30	177	181	-4	-2,2%
Umhverfisgæði	2.281	2.238	43	1.413	1.350	63	1.836	1.765	71	968	877	91	10,4%
Heilbrigðiseftirlit	168	156	13	309	287	22	32	24	8	173	156	17	10,7%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	30	30	0	0	0	0	1.175	1.166	9	1.145	1.136	9	0,8%
Rekstur og umhirða borgarlands	62	66	-4	37	40	-2	7.280	6.951	329	7.255	6.925	330	4,8%
Samtals	4.257	4.168	89	3.262	3.200	62	11.613	11.321	292	10.618	10.352	266	2,6%

Skipulagsfulltrúi var 51 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Frávikið má einkum rekja til þess að tekjur voru 56 m.kr. hærri en áætlun, en þar af voru skipulagsgjöld frá Ríkinu 55 m.kr. yfir áætlun ársins.

Samgöngustjóri og borgarhönnun var 88 m.kr. innan fjárheimilda ársins, sem var einkum vegna Bílastæðasjóðs sem var 82 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 27 m.kr. undir áætlun, laun og launatengd gjöld 36 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 73 m.kr. innan fjárheimilda ársins, einkum vegna aðkeyptrar vinnu 19 m.kr. og viðhalds tækja og búnaðar 14 m.kr.

Umhverfisgæði var 91 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Tekjur voru 43 m.kr. hærri en áætlun ársins sem var einkum vegna tekna frá ræktunarstöð 23 m.kr. og tekjum af endurvinnslugjaldi 15 m.kr. Laun og launatengd gjöld voru 63 m.kr. umfram fjárheimildir einkum vegna fleiri nemenda í Vinnuskólanum 37 m.kr. og í Sorphirðu 18 m.kr. Annar rekstrarkostnaður var 71 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum vegna Sorphirðunnar 55 m.kr. sem rekja má til hærri viðhaldskostnaðar bifreiða 25 m.kr. og jarðvegstipps í Bolaöldum 19 m.kr.

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 330 m.kr. umfram fjárheimildir ársins einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 272 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 186 m.kr. umfram fjárheimildir, garðyrkjan sem var 27 m.kr. umfram fjárheimildir og þá var kostnaður vegna Covid-19 á hverfastöðvum 63 m.kr. sem er færður á kostnaðarstaðinn U9040 Rekstur gatna og opinna svæða. Leiga gatna var 58 m.kr. umfram fjárheimildir einkum þar sem ekki var gert ráð fyrir eignfærslum á kostnaði vegna samgöngusáttmála í fjárheimildum ársins.

Taflan hér að neðan sýnir helstu **lykiltölur** tengdar rekstri umhverfis- og skipulagssviðs:


Lykiltölur úr rekstri USK	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Raun 2021	Breyting 2020-21
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	1.567.947	866.323	806.232	805.520	0%
Byggðir m3 (lokið við)	537.704	667.702	918.973	579.345	-37%
Fullgerðar íbúðir	461	1.003	1.572	1.252	-20%
Hafin smíði nýrra íbúða	1.417	846	1.174	1.065	-9%
Heilbrigðiseftirlit					
Útgefin starfsleyfi	534	610	487	445	-9%
Fjöldi eftirlitsferða	3.600	3.500	3.100	3.892	26%
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	18	12	7	11	57%
Rekstur og umhirða					
Sláttur - flatarmál (m2)	4.696.838	4.724.056	4.697.828	4.716.009	0%
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	6.631.140	6.621.095	6.622.964	5.762.158	13%*
Útgefin afnotaleyfi	950	1.191	1.318	1.379	5%
Skipulagsfulltrúi					
Fjöldi mála á afgreiðslufundi	1.942	1.748	1.583	2.014	27%
Deiliskipulag auglýst í B-deild	141	128	134	123	-8%
Grk. / þar af v. byggingarl.ums.	96/53	95/40	79/35	91/41	
Umhverfisgæði					
Nemendur í Vinnuskóla	1.947	2.295	3.316	3.621	9%
Blandaður úrgangur [tonn]	17.696	17.434	17.899	17.611	-2%
Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn]	3.107	2.914	2.596	2.489	-4%
Plast í grænar tunnur [tonn]	335	394	455	446	-2%
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	140	134	136	132	-3%

* 2021 einungis götur og gönguleiðir Reykjavíkurborgar

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Nettó útgjöld sviðsins voru 266 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,6%. Frávikið má að mestu rekja til vetrarþjónustu sem var um 186 m.kr. umfram áætlun, leigu gatna sem var 58 m.kr. umfram áætlun og sorphirðu sem var 60 m.kr. umfram áætlun. Þá voru útgjöld vegna Covid-19 á hverfastöðvum 63 m.kr. Á móti var rekstur bílastæðasjóðs 82 m.kr. undir fjárheimildum.

1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	6.666	5.918	747	12,6%
Laun og launat. gj.	24.279	22.375	1.904	8,5%
Annar rekstrark.	13.836	13.937	-101	-0,7%
Nettó útgjöld	31.450	30.394	1.056	3,47%

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 31.450 m.kr. sem var 1.056 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,47%. Frávik er vegna Covid-19 kostnaðar, langtímaveikinda og þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.


Tekjur í heild voru 747 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist að stærstum hluta af hærri daggjöldum hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða að fjárhæð 170 m.kr., samnings vegna öryggisvistunar samtals 156 m.kr. og styrk frá sérfræðiteymi félagsmálaráðuneytisins vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir samtals 345,7 m.kr. Annar rekstrarkostnaður var innan fjárheimilda. Laun og launatengd gjöld voru 8,5% umfram fjárheimildir sem skýrist meðal annars af aðgerðum vegna Covid-19 samtals 129,3 m.kr. Einnig er umframkostnaður vegna langtímaveikinda en alls var 331 starfsmaður í langtímaveikindum á árinu. Fjárheimild sviðsins vegna langtímaveikinda er 173 m.kr. en áætla má að raunkostnaður ársins nemi 510 m.kr. Umframkostnaður vegna langtímaveikinda er því 337 m.kr. Stöðugildum á velferðarsviði fjölgaði um 273 á milli ára. Ráðið var í 180 stöðugildi (18 ára og eldri) í 10 vikur í sumar og í vinnumarkaðsaðgerðir, alls nam aukningin um 40 ársverkum. Aukning vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu eru metin 100 ársverk. Fjórir nýir íbúðakjarnar opnuðu á árinu 2021, Árskógar, Elliðabraut, Hraunbær og Laugavegur, þar bættust við 28 ársverk. Þrír íbúðakjarnar fóru síðan í fullan rekstur á árinu þ.e. Árland, Keilugrandi og Móavegur og bættust við um 20 ársverk. Leiðrétting var gerð á launaáætlun Keðjunnar sem nemur 17 ársverkum. Aukið var um 10 stöðugildi hjá Barnavernd. Virknimiðlun og Virkniús opnaði á árinu og bættust við 4 stöðugildi. Ársverk Heimahjúkrunar og endurhæfingarteyma sem er fjármagnað af ríkinu jukust um 28.

Gjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru á tímabilinu 2 ma.kr. Velferðarsvið fékk 345,7 m.kr. framlag frá sérfræðiteymi félagsmálaráðuneytisins til að standa straum af kostnaði. Niðurstaða tímabilsins er því 635 m.kr. umfram heimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum þjónustumiðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar er um að ræða börn sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar. Níu umsóknir voru samþykktar af sérfræðiteymi á vegum ríkisins en kostnaður vegna þeirra á árinu er samtals 783,6 m.kr. Samþykki sérfræðiteymisins á þessum umsóknum er staðfesting á þörfinni fyrir vistun í sérúrræði utan heimilis.

Covid-19 hefur haft mikil áhrif á rekstur velferðarsviðs. Tryggja þurfti að starfsemi sviðsins gengi og gripið var til að ýmissa ráðstafana til að viðhalda órofinni þjónustu á þeim fjölmörgu og ólíku stöðum sem sviðið rekur. Má þar nefna heimili fyrir fatlað fólk, hjúkrunarheimili, heimhjúkrun, úrræði barnaverndar og fleiri staði. Aukinn kostnaður vegna Covid-19 á árinu var um 221 m.kr sem er lækkun frá fyrra ári. Launakostnaður nam 129,3 m.kr. vegna 6.380 auka vinnustunda og þar af var tæplega helmingur í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk. Annar rekstrarkostnaður var samtals 91,5 m.kr. sem var aðallega í búsetuúrræðum, heimaþjónustu og heimahjúkrun. Ekki hefur verið metið hver afleiddur kostnaður Covid-19 hefur verið á sviðið en fjárhæðir sem settar eru hér fram eru beinn kostnaður vegna faraldursins.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir árið 2021 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 35.348 m.kr. sem var 588 m.kr. innan fjárheimilda. Fjárhagsaðstoð var 2.621 m.kr. eða 41,1% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 1.276 m.kr. eða 16,9% umfram fjárheimildir. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og nam endurgreiðslan 962 m.kr.



Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2020.

Þjónustupættir VEL (mkr)		Raun 2021	Upprunaleg áætlun 2021	Esk áætlun 2021	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2020	Mism. milli ár.	%
Skrifstofur	VP011	5.251	5.068	5.432	-181	-3,3%	4.815	437	9,1%
Nefndir og ráð	VP012	33	31	31	2	5,9%	32	1	3,5%
Samningar, framlög og styrkir	VP032	4.398	3.806	3.975	424	10,7%	3.731	667	17,9%
Búsetuúrræði	VP033	10.285	9.341	10.126	160	1,6%	9.000	1.285	14,3%
Félagsmiðstöðvar	VP040	822	808	807	15	1,8%	804	18	2,2%
Dagþjónusta	VP046	633	633	655	-22	-3,3%	588	45	7,7%
Heimþjónusta - Heimahjúkrun	VP050	2.554	2.736	2.710	-156	-5,8%	2.291	263	11,5%
Hjúkrunarheimili	VP055	337	233	295	43	14,5%	448	-110	-24,6%
Þjónustuíbúðir	VP060	691	661	673	17	2,6%	647	43	6,7%
Stuðningsfj. stuðningsþj. og frekari liðveisla	VP087	2.406	2.025	2.052	355	17,3%	1.929	477	24,7%
NPA	VP088	806	653	855	-49	-5,8%	607	199	32,8%
Ýmis úrræði	VP098	1.539	1.076	1.030	509	49,4%	1.251	288	23,0%
Próunarverkefni	VP110	465	431	584	-118	-20,3%	364	101	27,9%
Önnur gjöld	VP140	623	850	705	-82	-11,6%	557	66	11,9%
Keðjan	VP090	598	449	465	133	28,6%	471	127	27,0%
Óflokkað	VP999	8	0	0	8	0,0%	0	8	100,0%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	31.450	28.800	30.394	1.056	3,5%	27.534	3.916	14,2%

Þjónustupættir Velferðarsviðs

Þjónustupættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2021	Frávik	Laun og launatengd	Áætlun 2021	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2021	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2021	Frávik	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	91	0	91	4.356	4.375	-20	1.020	1.088	-68	5.284	5.463	-179	-3%
Samningar, framlög og styrkir	277	139	138	32	0	32	4.643	4.114	529	4.398	3.975	424	11%
Búsetuúrræði	365	60	304	9.711	8.416	1.295	939	1.770	-831	10.285	10.126	160	2%
Félagsmiðstöðvar	119	149	-30	450	486	-36	491	470	21	822	807	15	2%
Dagþjónusta	194	185	10	626	607	18	202	232	-30	633	655	-22	-3%
Heimþjónusta	175	184	-9	2.328	2.281	46	400	426	-25	2.554	2.523	30	1%
Heimahjúkrun	1.811	2.128	-317	1.430	1.442	-12	381	873	-491	0	187	-187	-100%
Hjúkrunarheimili	1.728	1.558	170	1.585	1.534	50	481	318	162	337	295	43	15%
Þjónustuíbúðir	127	150	-23	639	667	-28	178	156	23	691	673	17	3%
Stuðnings- og stoðþjónusta	0	0	0	1.899	1.496	403	507	556	-48	2.406	2.052	355	17%
Keðjan	0	0	0	214	243	-29	384	222	162	598	465	133	28,6%
Framleiðslueldhús	266	295	-29	244	244	0	254	255	-1	232	204	28	14%
Virkni-verkefni	0	0	0	91	118	-27	64	19	45	155	137	18	13%
NPA	294	224	71	0	0	0	1.100	1.079	21	806	855	-49	-6%
Úrræði Barnavernd	262	0	262	0	0	0	1.477	741	736	1.215	741	474	64%
Hælsileitendur	722	680	42	164	144	19	550	546	4	-8	10	-19	-179%
Önnur Verkefni	233	166	67	512	319	193	764	1.074	-309	1.043	1.227	-184	-15%
Samtals	6.666	5.918	747	24.279	22.375	1.904	13.836	13.937	-101	31.450	30.394	1.056	3,47%

Helstu frávik

Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf voru 179 m.kr. innan fjárheimilda sem gefur þó ekki rétta mynd af stöðunni. Frávikið skýrist af nýjum kostnaðarstað fyrir stuðningsþjónustu Keðjunnar sem stofnaður var í ársbyrjun til að aðskilja stuðningsþjónustu Keðjunnar frá rekstri skrifstofu Keðjunnar. Samtals eru þessir kostnaðarstaðir Keðjunnar um 70 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur þjónustumiðstöðva var 21 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%. Rekja má 37,6 m.kr. til neyðarskýlis fyrir konur sem bókað er hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða en óskað hefur verið eftir endurgreiðslu frá ríkinu. Skrifstofa velferðarsviðs var 76 m.kr. innan fjárheimilda.

Samningar, framlög og styrkir voru 424 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11%. Frávik skýrist af samningum um búsetu fyrir börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Búsetuúrræði sviðsins, þ.e. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk og úrræði fyrir heimilislauslausa með miklar og flóknar þjónustufarir, voru 160 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Frávik skýrist meðal annars af kostnaði vegna langtímaveikinda en einnig launa- og rekstrarkostnaðar vegna Covid-19, samtals 83 m.kr.

Félagsmiðstöðvar voru um 15 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til lægri tekna vegna Covid-19. Tekjur eru 30 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Heimabjónusta var 30 m.kr. umfram fjárheimildir sem má að mestu rekja til þyngri rekstraraðstæðna vegna Covid-19. Beinn kostnaður vegna Covid-19 var 29 m.kr. á tímabilinu.

Heimahjúkrun var 187 m.kr. innan fjárheimilda vegna nýrra verkefna sem eru að hefjast en erfitt hefur reynst að hefja fjármögnuð verkefni vegna Covid-19, þ.e. styrking annarra fagstétta og fíkniráðgjafar í heimahjúkrun. Tekjur frá ríkinu verða nýttar á árinu 2022.

Hjúkrunarheimili voru 43 m.kr. umfram fjárheimildir eða 15%. Droplaugarstaðir voru 19 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10%. Helstu ástæður umframkeyrslu voru aukinn kostnaður vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu sem að daggjaldið dekkar ekki og aukinn lyfja- og læknaðkostnaður. Seljahlíð var 24 m.kr. umfram fjárheimildir eða 24% sem skýrist helst af því að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými. Daggjöldin standa ekki undir þeim kostnaði sem kostar að reka heimilin. Hækkun daggjalda um 3,35% þann 1. maí hefur ekki staðið undir kostnaðarauka vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu.

Þjónustuíbúðir voru 17 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til lægri tekna vegna Covid-19. Tekjur eru 23 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur voru 354,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 17%. Þar af voru skammtímavistanir fyrir börn 52 m.kr. umfram fjárheimildir og stuðningsþjónusta var 302 m.kr. umfram fjárheimildir. Stuðningsþjónusta fyrir börn var 203 m.kr. umfram fjárheimildir en börnum sem fá stuðningsþjónustu hefur fjölgað á milli ára um 11%. Þá hefur einnig orðið aukning í hóp 18 ára og eldri. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 105 m.kr. umfram fjárheimildir eða 201% og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna var 62 m.kr. umfram fjárheimildir eða 43%. Rekja má yfirfrávikin til fjölgunar stuðningsfjölskyldna til rýmkunar á reglum sem voru settar til samræmis við reglugerð félagsmálaráðuneytis, sem tóku gildi 1. mars 2020. Fram kemur í reglugerð *nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga* að heimilt sé að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld. Samkvæmt *leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir* kemur fram að sveitarfélag skuli tilgreina í reglum sínum hver séu viðmið um lengd og innihald þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskyldan veitir og að þjónustan geti verið allt að 15 sólarhringar á mánuði. Á árinu 2022 hefur fjárheimild vegna stuðningsþjónustu fyrir fullorðna verið aukin um 100 m.kr. og um 117 m.kr. vegna reglna um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Því standa vonir til að stuðningsþjónustan haldist betur innan ramma á næsta ári en velferðarsvið áréttar að framlög til stuðningsþjónustu duga ekki til að sinna lögbundnum verkefnum.

Úrræði barnaverndar voru í heild 474 m.kr. umfram fjárheimildir eða 64%. Frávik skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir eru vistuð utan heimilis en sviðið fékk styrk frá sérfræðiteymi félagsmálaráðuneytisins vegna þessa, samtals 220 m.kr. Meðferðaheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförunum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Þá hefur kostnaður fyrir hvert barn sem vistast í slíkum úrræðum vaxið vegna launahækkana og betri vinnutíma í vaktavinnu. Fjöldi barna sem vistuð voru í Klettabæ var 18 á árinu 2021. Fjöldi barna sem tilkynnt er um til Barnaverndar hefur fjölgað um 3,8% en tilkynningum fækkað um 6,8% frá fyrra ári. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara sbr. a. lið 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991., 15. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 sbr. einnig reglur nr. 520/2021. Endurgreiðslan nam 41,5 m.kr. á árinu.

Meðalveikindahlutfall starfsmanna velferðarsviðs í heild á árinu var 6,8% samanborið við 7,4% á síðasta ári.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	867	385	482	125,1%
Laun og launat. gj.	10.338	9.370	968	10,3%
Annar rekstrark.	5.364	5.220	145	2,8%
Nettó útgjöld	14.836	14.205	631	4,4%

Nettó útgjöld velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks voru 14.836 m.kr. sem var 631 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4%. Tekjur í heild voru 867 m.kr. eða um 482 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þar af voru tekjur frá ríkinu vegna Öryggisvistunar að upphæð 158 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir. Framlag ríkisins vegna vistunar barna með alvarlegar

þroska- og geðraskanir að fjárhæð 125 m.kr. var bókað á desember og ekki áætlað fyrir. Einnig voru tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna langtímaleigu samninga sem námu 39 m.kr. og auknar tekjur vegna dagþjónustu 17 m.kr. Enn fremur var aukning á tekjum vegna samnings við ríkið um aukið félagsstarf fyrir fatlaða einstaklinga vegna Covid-19, sem nemur 52 m.kr. og ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 10.338 m.kr. eða 968 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10,3%. Annar rekstrarkostnaður var 5.364 m.kr. sem var 145 m.kr. eða 2,8% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af Covid-19, langtímaveikindum og vistun barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Covid-19 kostnaður var samtals 63 m.kr. í launakostnað og 25 m.kr. í annan rekstrarkostnað. Fjárheimild sviðsins vegna langtímaveikinda var 173 m.kr. en áætla má að raunkostnaður ársins nemi 510 m.kr. Samtals er því umfram kostnaður 337 m.kr. fyrir sviðið og þar af stór hluti í búsetu fatlaðs fólks. Frávik skýrist einnig að hluta af vistun barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir eða um 190 m.kr. en styrkur frá sérfræðiteymi félagsmálaráðuneytis mætir einungis hluta af kostnaði.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 1.056 m.kr. yfir fjárheimildum eða 3,47% sem skýrist einkum af frávikum vegna Covid-19 kostnaðar, langtímaveikinda og þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
- Tekjur voru 747 m.kr. hærri en áætlun sem rekja má að mestu til hærri daggjalda hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða að fjárhæð 170 m.kr., samnings vegna öryggisvistunar samtals 156 m.kr. og styrks frá sérfræðiteymi félagsmálaráðuneytisins vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir samtals 345,7 m.kr.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.904 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8,5% sem má rekja meðal annars til langtímaveikinda og kostnaðar vegna Covid-19.
- Annar rekstrarkostnaður var um 101 m.kr. innan fjárheimilda eða 0,7%.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Nauðsynlegt er að þjónusta fyrir ríkið verði tekjufærð með reglubundnum hætti yfir árið til samræmis við áfallinn kostnað svo sem vegna öryggisvistunar, hælisleitenda og barna með þroska- og geðraskanir.
- Stuðnings- og stoðþjónusta var 355 m.kr. umfram fjárheimildir eða 17%, auk þess sem að Keðjan var 133 m.kr. umfram fjárheimildir. Í greinargerð sviðsins er meðal annars vísað til þess að aukin útgjöld megi rekja til breytinga á leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með afar óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn stefnu borgarinnar og viðeigandi þjónustustig þannig að þjónustan rúmist innan fjárheimilda.
- Útgjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 635 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Rekstur hjúkrunarheimila var 43 m.kr. um fram fjárheimildir. Viðvarandi rekstrarhalli er á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði. Nauðsynlegt er að leita leiða til að ná fram hagkvæmni í rekstri heimilisins. Þá er nauðsynlegt að sækja hækkunir á daggjöldum til ríkisins og tryggja fulla fjármögnun hjúkrunarheimilanna.
- Daggjöldin standa ekki undir þeim kostnaði sem kostar að reka heimilin. Hækkun daggjalda um 3,35% þann 1. maí hefur ekki staðið undir kostnaðarauka vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	972	417	555	132,9%
Gjöld	4.870	5.959	-1.089	-18,3%
Nettó útgjöld	3.898	5.542	-1.644	-29,7%

Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.766	3.544	-1.778	-50,2%
heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	628	654	-27	-4,1%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	166	155	11	7,0%
Heim.gr. 16.gr. Aaðstoð v/barna	62	96	-34	-35,8%
Nettó útgjöld	2.621	4.450	-1.829	-41,1%

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2021	Fjöldi jan-des 2020	Br. milli ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	3.523	3.421	102	3,0%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	807	931	-124	-13,3%
Framfærslustyrkur	2.433	2.539	-106	-4,2%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	2.279	2.152	127	5,9%


Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru alls 855 m.kr. sem var 50 m.kr. eða 28,1% innan fjárheimilda. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur í janúar til desember 2021 var 2.279 sem var fjölgun um 127 notendur eða 5,9% miðað við sama tímabil 2020. Frávik frá áætlun skýrist einkum af því að gert var ráð fyrir að viðsnúningur á vinnumarkaði yrði seinna en raunin varð. Þannig var gert ráð fyrir að stór hluti einstaklinga sem var að klára atvinnuleysisbótarétt á árinu kæmi á fjárhagsaðstoð og yrði viðbót við þann fjölda sem var þar fyrir.

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanbórið við sama tímabil í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

Nettó útgjöld bundinna liða voru 3.898 m.kr. sem var 1.644 m.kr. eða 29,7% innan fjárheimilda. Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.621 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.276 m.kr.

Fjárhagsaðstoð: Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 2.621 m.kr. á árinu sem var 1.829 m.kr. innan fjárheimilda eða 41,1%.

Framfærslustyrkur nam 1.766 m.kr. sem var 1.778 m.kr. eða 50,2% innan fjárheimilda. Notendum hefur fækkað um 106 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 4,2% og eru nú 2.433 einstaklingar sem hafa fengið framfærslustyrk á einhverju tímabili það sem af er árs.




Sérstakur húsnæðisstuðningur: Kostnaður var 1.276 m.kr. sem var 185 m.kr. eða 16,9% umfram fjárheimildir.

Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	597	457	140	30,5%
Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn.	680	635	45	7,1%
Nettó útgjöld	1.276	1.092	185	16,9%

Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi)	Fjöldi jan-des 2021	Fjöldi jan-des 2020	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	2.338	2.039	299	14,7%
Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn.	2.287	2.103	184	8,7%

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði var 597 m.kr. eða 140 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum fjölgaði um 299 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanbórið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði. Skýringin gæti verið aukið framboð af leiguhúsnæði á betri kjörum þannig að fleiri ráða við að leigja á almennum markaði.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði var 680 m.kr. eða 45 m.kr. umfram fjárheimildir. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 184 frá sama tímabili 2020. Í október fór fram uppgjör á húsnæðisstuðningi vegna fyrri ára sem skýrir hækkunina í þeim mánuðum.



Lykiltölur úr rekstri - VEL	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Breyting 2020-21
Fjárhagsaðstoð							
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	2.259	1.958	2.011	2.195	2.539	2.433	-4,17%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	1.715	1.471	1.471	1.641	2.152	2.277	5,81%
Fjárhagsaðstoð alls - Fjöldi heimila	3.036	2.648	2.698	2.930	3.421	3.521	2,92%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	1.717.313	1.472.437	1.604.748	2.044.917	2.731.494	2.727.932	-0,13%
Heimildargreiðslur - þús. kr	523.396	473.967	462.177	527.888	624.987	585.487	-6,32%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	2.240.709	1.946.404	2.066.925	2.704.326	3.510.582	3.479.479	-0,89%
Húsaleigubætur							
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	1.201	1.172	1.259	1.571	2.039	2.338	29,8%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.298	1.897	1.983	1.930	2.103	2.287	9,0%
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	319.436	316.148	531.003	385.222	495.609	596.501	20,4%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	622.842	509.901	543.634	526.539	592.892	649.596	9,6%


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 1.644 m.kr. undir fjárheimildum eða 29,7%. Þar af var fjárhagsaðstoð 1.829 m.kr. eða 41,1% innan fjárheimilda en sérstakur húsnæðisstuðningur var 185 m.kr. eða 16,9% umfram fjárheimildir.
- Vakin er athygli á að ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í tvö ár í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslan vegna ársins nam tæpum 962 m.kr.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Nauðsynlegt er að aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga verði tekjufærð með reglubundnum hætti yfir árið til samræmis við áfallinn kostnað.

1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu



Rekstur RHS (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	112	74	38	51,2%
Laun og launat. gj.	1.494	1.402	91	6,5%
Annar rekstrark.	278	400	-122	-30,4%
Nettó útgjöld	1.660	1.728	-68	-3,9%

umfram fjárheimildir. Laun vegna aðgerða gegn heimilisofbeldi voru 10 m.kr. umfram fjárheimildir, laun vegna skrifstofu borgarstjóra voru 33 m.kr. umfram fjárheimildir, laun vegna upplýsinga og vefdeildar voru 19 m.kr. umfram fjárheimildir, laun vegna rannsóknarþjónustu voru 26 m.kr. umfram fjárheimildir m.a. vegna þess að hluti launa voru greidd með styrkjum, laun vegna borgarstjórnar voru 10 m.kr. umfram fjárheimildir m.a. vegna veikinda og önnur laun voru 7 m.kr. innan fjárheimilda.


Annar rekstrarkostnaður var 278 m.kr. sem var 122 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2020.

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	Eining	Raun 2021	Upprunaleg áætlun 2021	Esk áætlun 2021	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2020	Mism. milli ára	%
Borgarlögmaður	BLÖ	149	149	152	-3	-1,8%	145	4	2,5%
Endurskoðun	END	153	177	183	-30	-16,5%	123	30	24,5%
Mannréttindaskrifstofa	MAR	320	317	346	-26	-7,5%	287	33	11,6%
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	SBO	475	476	478	-4	-0,7%	415	60	14,5%
Skrifstofa borgarstjórnar	SBS	563	539	569	-5	-1,0%	527	36	6,9%
Umboðsmaður borgarbúa	UMB	0	0	0	0		40	-40	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	RHS	1.660	1.657	1.728	-68	-3,9%	1.537	123	8,0%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir árið 2021 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.660 m.kr. eða 68 m.kr. innan fjárheimilda.



Tekjur voru 112 m.kr. eða 38 m.kr. yfir áætlun. Aðallega vegna styrkja frá EU.

Laun og launatengd gjöld voru 1.494 m.kr. eða 91 m.kr.

Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Málaflokkar RHS (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2021	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2021	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2021	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2021	Frávik	%
Borgarlögmaður	2	1	1	138	136	3	13	17	-4	149	152	-3	-1,8%
Innri endurskoðun	49	45	4	173	194	-21	29	34	-5	153	183	-30	-16,5%
Mannréttindaskrifstofa	3	4	-1	264	244	20	59	106	-47	320	346	-26	-7,5%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	58	25	34	427	342	85	107	161	-55	475	478	-4	-0,7%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	492	487	5	71	81	-11	563	569	-5	-1,0%
Samtals	112	74	38	1.494	1.402	91	278	400	-122	1.660	1.728	-68	-3,9%

Innri endurskoðun og ráðgjöf var 30 m.kr. innan fjárheimilda. Á árinu voru sameinuð persónuvernd borgarinnar, umboðsmaður borgarbúa og innri endurskoðun undir nafninu Innri endurskoðun og ráðgjöf.


Mannréttindaskrifstofa var 26 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru áætluð og íbúaráð var undir áætlun.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara var 4 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að þróun og nýsköpun var undir áætlun og ekki var búið að úthluta öllum styrkjum vegna miðborgarmála.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstur skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu var 68 m.kr. eða 3,9% innan fjárheimilda ársins.



1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	128	150	-22	-14,7%
Laun og launat. gj.	2.233	2.208	26	1,2%
Breyting lífeyriskb.	-212	3.500	-3.712	-106,1%
Annar rekstark.	2.652	2.301	352	15,3%
Nettó útgjöld	4.545	7.858	-3.313	-42,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir árið 2021 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 4.545 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 7.858 m.kr. sem var 3.313 m.kr. eða 42,2 % innan fjárheimilda tímabilsins.



Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2020.

Sameiginlegur kostnaður	Eining	Raun 2021	Upprunaleg áætlun 2021	Esk áætlun 2021	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2020	Mism. milli ára	%
Styrkir og ýmis framlög	ÖNN010	553	601	651	-99	-15,2%	522	31	5,9%
Atvinnumál	ÖNN020	403	67	701	-298	-42,5%	345	59	17,1%
Rekstur miðlægs tölvukerfis	ÖNN025	122	118	118	5	4,1%	95	28	29,3%
Innheimtukostnaður skatttekna	ÖNN030	791	780	780	11	1,5%	714	77	10,8%
Starfsmannakostnaður	ÖNN040	1.583	2.158	784	799	101,8%	390	1.192	305,6%
Kosningar	ÖNN050	0	0	0	0	-82,1%	0	0	-62,7%
Ýmis kostnaður	ÖNN060	871	3.349	939	-68	-7,3%	747	124	16,6%
Breyting á lífeyriskuldbindingu	ÖNNLIF	222	3.884	3.884	-3.662	-94,3%	3.701	-3.479	-94,0%
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	4.545	10.957	7.858	-3.313	-42,2%	6.514	-1.969	-30,2%

Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

Málaflokkar ÖNN (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2021	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2021	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2021	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2021	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög	0	0	0	0	0	0	553	651	-99	553	651	-99	-15,2%
Atvinnumál	0	0	0	403	686	-283	0	15	-15	403	701	-298	-42,5%
Rekstur miðlægra tölvukerfa	3	0	3	0	0	0	126	118	8	122	118	5	4,1%
Innheimtukostnaður skattekna	0	0	0	0	0	0	791	780	11	791	780	11	1,5%
Starfsmannakostnaður	0	0	0	1.306	511	795	277	274	3	1.583	784	799	101,8%
Kosningar	124	108	16	67	61	6	57	46	10	0	0	0	
Ýmis kostnaður	1	42	-41	23	565	-541	849	417	432	871	939	-68	-7,3%
Gjaldfærsla vegna Brúar Isj.			0	434	384	50			0	434	384	50	12,9%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb			0	-212	3.500	-3.712			0	-212	3.500	-3.712	-106,1%
Samtals	128	150	-22	2.021	5.708	-3.686	2.652	2.301	352	4.545	7.858	-3.313	-42,2%

Styrkir og ýmis framlög voru 99 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega 66 m.kr. innan fjárheimilda og ekki var búið að úthluta öllum styrkjum á vegum borgarráðs.

Atvinnumál voru 298 m.kr. innan fjárheimilda. Ekki náðist að nota allar heimildir 2021.

Rekstur miðlægra tölvukerfa var 5 m.kr. umfram fjárheimildir.

Innheimtukostnaður skattekna var 11 m.kr. umfram fjárheimildir.


Starfsmannakostnaður var 799 m.kr. umfram fjárheimildir vegna slysabóta og breytinga orlofsskuldbindinga.

Kosningar voru samkvæmt áætlun.

Ýmis kostnaður var 68 m.kr. innan fjárheimilda.

Breyting á lífeyrisskuldbindingum var 3.712 m.kr. innan fjárheimilda. Frávikíð skýrist af því að eignir sjóðsins hækkuðu meira en gert var ráð fyrir vegna hærri ávöxtunar og hærri verðbólgu. Við tryggingafræðilega athugun LsRb er notaður reiknigrundvöllur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2019 að viðbætttri spá félagsins frá 2020 um lækkun á aldursbundinni dánartíðni, og auglýst var af fjármálaráðuneyti í lok árs 2021 sem hluti staðalforsendna við uppgjör lífeyrissjóða. Grunnur lífslíkna er byggður á reynslu lífeyrissjóða árin 2014-2018. Athygli er vakin á því að lífeyrisskuldbinding Reykjavíkurborgar vegna LsRb hefur verið reiknuð út í samræmi við útgefnar forsendur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lífslíku og dánartölur allt frá árinu 2015.

1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið



Rekstur FAS (m.kr.)	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Tekjur	59	47	12	26,2%
Laun og launat. gj.	1.187	1.134	53	4,7%
Annar rekstrark.	211	286	-76	-26,5%
Nettó útgjöld	1.339	1.374	-35	-2,5%

Laun og launatengd gjöld voru 1.187 m.kr. eða 53 m.kr. umfram fjárheimildir þar af voru laun á skrifstofu sviðstjóra 32 m.kr. umfram fjárheimildir og laun á launaskrifstofu voru 14 m.kr. umfram fjárheimildir.


Annar rekstrarkostnaður var 211 m.kr. sem var 76 m.kr. innan fjárheimilda m.a. vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2020.

Fjármála- og áhættustýringarsvið	Eining	Raun 2021	Upprunaleg áætlun 2021	Esk áætlun 2021	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2020	Mism. milli ára	%
Áætlunar- og uppgjörsskrifstofa	AUS	139	156	132	6	4,8%	148	-9	-6,1%
Bókhaldsskrifstofa	BSK	266	274	280	-14	-4,9%	246	20	8,2%
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	FIS	110	110	112	-1	-1,2%	105	6	5,5%
Innkaupaskrifstofa	ISR	150	176	158	-8	-4,8%	147	3	2,0%
Launaskrifstofa	LSK	326	315	319	7	2,3%	299	26	8,8%
Skrifstofa áhættustýringar	SÁS	68	85	85	-17	-19,5%	52	16	30,0%
Skrifstofa sviðsstjóra FAS	SSF	279	264	289	-9	-3,2%	217	62	28,6%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	FÁST	1.339	1.380	1.374	-35	-2,5%	1.214	124	10,2%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir árið 2021 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld voru 1.339 m.kr. eða 35 m.kr. innan fjárheimilda.



Tekjur voru 59 m.kr. eða 12 m.kr. yfir áætlun vegna hærri umsýslupóknunar.

Fjármála- og áhættustýringasvið

